

FUNDARGERÐ

297. fundur stjórnar HEF veitna ehf. haldinn í fundasal HEF að Einhleypingi 1.
Miðvikudaginn 25. ágúst 2021 kl. 15:00.

Mætt eru:

Gunnar Jónsson (GJ), Jónína Brynjólfsdóttir (JB), Davíð Sigurðarson (DS), Hildur Þórisdóttir (HP)
Helgi Hlynur Ásgrímsson (HHÁ) og Aðalsteinn Þórhallsson (AP) framkvæmdastjóri.

Af aðalmönnum eru fjarverandi: Skúli Björnsson og Ágústa Björnsdóttir

Gestir fundarins eru:

Einar Ólafsson - Sniddu, Bogi Kárason frá Verkráð, Þorsteinn B. Ragnarsson verkefnastj. HEF og
Jón Jónsson hrl.

Gunnar Jónsson, stýrði fundi.

Dagskrá

1. Deiliskipulag lóðar hreinsistöðvar á Melshorni, Egs.
 2. Fljótsdalshérað ljóstengt – verkstaða o.fl.
 3. Önnur verkefni; BFJ, SEY, EGS, DJV.
 4. Mál PBP gegn HEF, ákvörðun um hvort kæra skuli frávísun viðurkenningarkröfu
 5. Kalt vatn í Setberg í Fellum
 6. Fjármögnun framkvæmda
 7. Önnur mál
 - a) Drög að fráveitusamþykkt Múlaþings
 - b) Samorkuþingi frestað
-

1 Deiliskipulag lóðar hreinsistöðvar á Melshorni, Egs.

Einar Ólafson, frá Sniddu ehf. kynnir drög sín að deiliskipulagi lóðar verðandi hreinsistöðvar HEF á Melshorni. Umræður um tillöguna. Stjórn samþykkir að fela Sniddu að koma drögum að deiliskipulagi Melshorns til Múlaþings til afgreiðslu umhverfis- og framkvæmdasviðs.

EÓ fór af fundi.

2 Fljótsdalshérað ljóstengt – verkstaða o.fl.

Bogi Kárason frá Verkráð kynnir stöðu verkefnisins. Verkstaða er ágæt og kostnaður á áætlun. Reiknað er með því að samningur um blástur og tengingar verði kláraður í næstu viku og að verkið hefjist fljótlega.

Erindi frá Sveini Guðmundssyni og Sigríði Kröyer vegna plægingu á streng í Skriðdal rædd og framkvæmdastjóra falið að vinna áfram að málinu.

BK fór af fundi.

3 Önnur verkefni; BFJ, SEY, EGS, DJV

Þorsteinn B. Ragnarsson kynnir stöðu verkefna:

Borgarfjörður

Það er verið að leggja lagnir og hefur miðað að tengja nýbyggingar. Fyrirhugaðar eru framkvæmdir við endurnýjun neysluvatns og regnvatnslögn frá grunnskóla austur að Jörfa.

Seyðisfjörður

Nýlagnir, endurnýjun regnvatnslagna á Leirubakka lokið, tenging frárennslis frá Hlíðarvegi lokið, hönnun veitna að nýjum lóðum á fótboltavelli eru í vinnslu.

Egilsstaðir

Farið yfir stöðu sniðræsa að Melshorni. Verkið gengur vel að hluta en það getur verið að ákveðnir verkþættir færast yfir á næsta ár. Í undirbúningi eru tengingar inn á nýja leikskólalóð í Fellabæ. Ýmis smærri mál í vinnslu.

Djúpivogur

Greiningarvinna að úrbótum frárennsliskerfis er að klárast, hönnun að veitum að kassaverksmiðju í vinnslu auk þess sem verið er að vinna að heimæðum.

ÞBR fór af fundi.

4 Mál PBP gegn HEF, ákvörðun um hvort kæra skuli frávísun viðurkenningarkröfu

Jón Jónsson hrl. mætir á fundinn og fer yfir úrskurð frá 19. ágúst síðastliðnum sem snýr að frávísunarkröfu PBP vegna gagnstefnu í máli hans gegn HEF. Stjórn samþykkir að kæra ekki úrskurðinn.

5 Kalt vatn í Setberg í Fellum

Bóndi á Setbergi hefur leitað ráða hjá HEF vegna vatnsskorts í yfirstandandi þurrkatíð. Minnisblað um lagningu kaldavatsveitu inn í Setberg kynnt. Bóndi er að skoða alla kosti í stöðunni. Framkvæmdastjóra falið að vinna áfram að málinu í samræmi við umræður á fundinum.

6 Fjármögnun framkvæmda

Farið yfir lausafjárstöðu, frekari umræðu frestað til 8 mánaða uppgjors.

7 Önnur mál

a) Drög að fráveitusamþykkt Múlaþings. Umhverfis og auðlindaráðuneyti hefur gert athugasemdir við drög að samþykktinni. Flestar snúa að tæknilegum atriðum. Farið yfir verkefni HEF tengt gatnagerð og lögnum í götum og tekjuhlið þeirra. Framkvæmdastjóra falið að vinna málið áfram.

b) Samorkuþingi frestað. Samorkuþingi sem halda átti í haust hefur verið frestað til vors.

Næsti fundur verður boðaður með dagskrá þann 22. september næstkomandi.

Fundargerð yfirfarin og fundi slitið kl. 17:50.

Fundargerð ritaði Jónína Brynjólfsdóttir.

Fundargerð staðfest, _____ 2021
